



Fornleifavernd
ríkisins



Ársskýrsla 2009

Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns	3
Skipulag og umhverfismat	5
Fornleifarannsóknir	7
Víkingarminjar á heimsminjaskrá	11
Friðlýstar fornleifar	13
Fjármál	15
Önnur starfssemi	17
Starfsstöðvar og starfsfólk	23



Á Siglunesi

Ávarp forstöðumanns

Árið 2009 var ár gleði hjá Fornleifavernd ríkisins, því leyfi fékkst til að ráða minjavörð fyrir Suðurland. Uggi Ævarsson MA í fornleifafræði var ráðinn minjavörður og hefur hann aðsetur í Skógum undir Eyjafjöllum. Við það voru komnir minjaverðir á öll svæði landsins nema Reykjanes.

Í lok sumars fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Fornleifavernd ríkisins að halda utan um raðtilnefningu víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO. Sólveig Hulsdóttir Georgsdóttir var ráðin til að stjórna því verkefni. Hún hefur aðsetur hjá minjaverði Norðurlands eystra á Akureyri. Fjallað verður nánar um verkefnið í ársskýrslunni.

Starfsfólk Fornleifaverndar ríkisins var virkt í starfi Rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar. Sólborg Una Pálsdóttir situr í faghópi um náttúru og minjar og tók þátt í fjölda vinnufunda vegna verkefnisins árið 2009. Forstöðumaður situr í verkefnastjórn Rammaáætlunar.

Minjaverðir Fornleifaverndar ríkisins og deildarstjóri skráningarmála héldu áfram skráningu og mati á friðlýstum fornleifum og verður fjallað nánar um það verkefni í skýrslunni.

Verkefnastjóri kirkjuminja hóf skráningu minningarmarka í Rangárvalla-prófastsdæmi og lauk við rit um minningarmörk í Kjalarnesprófastsdæmi.

Erlent samstarf er umfangsmikið hjá Fornleifavernd ríkisins. Eins og fram kemur í skýrslunni er bæði um norræn og evrópsk verkefni og samvinnu að ræða.

Eitt verkefnanna er evrópskt samstarfsverkefni 13 þjóða sem nefnt er Eranet Net Heritage. Ýmsar íslenskar menningarstofnanir taka þátt í verkefninu. Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneytið fólu Fornleifavernd ríkisins að stýra verkefninu og er Agnes Stefánsdóttir verkefnisstjóri. Markmiðið með verkefninu er að safna upplýsingum um rannsóknir á forvörsluaðferðum sem beitt er við forvörslu menningarminja og að móta stefnu varðandi slíkar rannsóknir í nánustu framtíð.

Í lok árs var rekstrarstaða Fornleifaverndar ríkisins viðunandi, einkum þegar horft er til þeirrar erfiðu fjárhagsstöðu sem samfélagið á við að stríða um þessar mundir. Stofnunin hafði ekki haft styrktaraðila eins og ýmsar aðrar ríkisstofnanir og reyndist það henni happ þegar á reyndi.

Kristín Huld Sigurðardóttir





Staðarborg á Vatnsleysuströnd

Skipulag og umhverfismat

Samkvæmt Þjóðminjalögum 2001/107 skal skrá fornleifar vegna svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags eða endurskoðunar þess. Þetta er gert til að tryggja að tekið sé tillit til fornleifa við skipulagsgerð og við framkvæmdir. Menningarminjar eru einnig einn þeirra þátta sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati. Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati.

Umsögnum um aðalskipulag eða endurskoðun þess hefur haldur fækkað á milli ára. Árið 2007 voru umsagnirnar 29, árið 2008 voru þær 38 en árið 2009 voru þær 20.

Tafla 1

Umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun aðalskipulags 2009	
Vesturland	1
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	4
Austurland	4
Suðurland	6
Reykjanes	2
Reykjavík	1

Umsögnum um deiliskipulag og byggingarreiti hefur fækkað umtalsvert. Árið 2007 voru umsagnirnar 184, árið 2008 voru þær 161 og árið 2009 voru þær 113 (sjá töflu 2). Ástæða þess að fá mál berast frá Reykjavík er að borgarminjavörður, þ.e. forstöðumaður Minjasafns Reykjavíkur, fer með mál minjavörslunnar innan höfuðborgarinnar.

Tafla 2

Umsagnir um deiliskipulag og byggingarreiti 2009	
Vesturland	18
Vestfirðir	6
Norðurland vestra	15
Norðurland eystra	11
Austurland	1
Suðurland	56
Reykjanes	6

Árið 2009 var veitt 21 umsögn um umhverfismatsskyldu framkvæmda, 11 umsagnir um umhverfismat og 17 umsagnir um tillögu að matsáætlun.

Er þetta mjög svipaður fjöldi og árið 2008.

Tafla 3

Umsagnir um umhverfismat 2009	
Vesturland	1
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	
Norðurland eystra	1
Austurland	1
Suðurland	2
Reykjanes	4
Reykjavík	1

Tafla 4

Umsagnir um umhverfismatsskyldu 2009	
Vesturland	2
Vestfirðir	5
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	4
Austurland	1
Suðurland	4
Reykjanes	4

Tafla 5

Umsagnir um tillögu að matsáætlun 2009	
Vesturland	2
Vestfirðir	
Norðurland vestra	
Norðurland eystra	10
Austurland	
Suðurland	3
Reykjanes	2
Reykjavík	



Uppgröftur við Maríugerði í Kelduhverfi

Fornleifarannsóknir

Árið 2007 veitti Fornleifavernd ríkisins 52 leyfi til fornleifarannsókna, árið 2008 voru 46 leyfi veitt, og árið 2009 voru 50 leyfi veitt. Enn hefur ekki borið á miklum samdrætti í rannsóknum en búast má við samdrætti á þjónusturannsóknum.

Bakkárholt í Ölfusi. Eftirlit með niðurrifi húsa sem skemmdust í Suðurlandsskjálfta. Ábyrgðaraðili Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Byggðasafni Árneseinga. Leyfi veitt 13. janúar 2009.

Lækjargata 2, Reykjavík. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 19. janúar 2009.

Fornleifakönnun í Ögri við Ísafjarðardjúp. Könnunarskurðir til að kanna aldur og tilvist fornleifa á staðnum. Ábyrgðaraðili Margrét Hermanns-Auðardóttir, Reykjavíkurakademíunni. Leyfi veitt 24. febrúar 2009.

Fornleifarannsókn við kirkjuna á Þingvöllum. Vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Byggðasafni Árneseinga. Leyfi veitt 24. mars 2009.

Reykholtssel í Borgarfirði. Framhaldsrannsókn, selsminjar í Geitholti. Ábyrgðaraðili Guðrún Sveinbjarnardóttir, University College London og Snorrastofa. Leyfi veitt 27. mars 2009.

Skálholt. Frágangur á minjasvæði, eftirlit og minniháttar rannsóknir eftir þörfum. Ábyrgðaraðili Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 27. mars 2009.

Vaktarabærinn, Garðastræti 23, Reykjavík. Fornleifarannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Oddgeir Hansson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 27. apríl 2009.

Vogur/Kotvogur í Reykjanesbæ. Rannsókn á skálarúst í Höfnum. Kennsluuppgröftur fyrir háskólanema. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 12. maí 2009.

Hörgsnes í landi Fossa í Vesturbyggð. Rannsókn á tóft vegna vegaframkvæmda. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 26. maí 2009.

Hólmur í Nesjum, A – Skaftafellssýslu.

Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 27. maí 2009.

Bær í Öræfum, A . Skaftafellssýslu. Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 27. maí 2009.

Öskuhaugur í landi Skútustaða í Mývatnssveit. Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Ágústa Edwald, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 27. maí 2009.

Gásir Hinterland Project. Rannsókn á öskuhaugum í Hörgárdal og Öxnadal. Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Ramona Harrison, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 27. maí 2009.

Réttir á Norðausturlandi. Rannsókn á aldri og gerð fimm rétta. Ábyrgðaraðili Oscar Aldred, Háskóli Íslands/Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 27. maí 2009.

Skriðuklaustur í Fljótsdal. Framhaldsrannsókn á munkaklaustri. Ábyrgðaraðili Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustursrannsóknir og þjóðminjasafn Íslands. Leyfi veitt 11. júní 2009.



Svalbarð í Pistilfirði. Rannsókn á öskuhaug. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 11. júní 2009.

Kot í Rangárþingi ytra. Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða, Byggðasafn Árnesinga. Leyfi veitt 12. júní 2009.

Búðarárbakki í Hrunamannahreppi. Framhaldsrannsókn á kotbýli. Ábyrgðaraðili Kristján Mímisson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 12. júní 2009.

Rétt við Búðarhálsvirkjun. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Oscar Aldred, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júní 2009.

Litlu Núpar í landi Laxamýrar, S. Þingeyjarsýslu. Könnunarskurðir til að kanna aldur á garðlögum norðan og suðaustan við túnið og kannað hvort fleiri kuml leynist í kumlateg við norðausturhorn þess. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. júní 2009.

Ingiríðarstaðir í Þegjandadal, S.- Þingeyjarsýslu. Framhaldsrannsókn á kumlateg, meintri kirkju og kirkjugarði, akurgerði og öskuhaug. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 16. júní 2009.

Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp. Framhaldsrannsókn á bæjarhól. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 16. júní 2009.

Hólar í Hjaltadal og Kolkuós í Viðvíkursveit. Framhaldsrannsókn á biskupssetri. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir, Þjóðminjasafn Íslands, Hólaskóli og Byggðasafn Skagfirðinga. Leyfi veitt 16. júní 2009.

Skagafjarðarrannsóknir. Rannsókn á víkingaaldarbæjum í Skagafirði með fjarkönnunarbúnaði og könnunarskurðum. Ábyrgðaraðili John Steinberg, Fiske Center for Archaeological Research, University of Massachusetts. Leyfi veitt 19. júní 2009.

Kuml í Hringsdal í Arnarfirði. Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 22. júní 2009.



Alþingisreitir. Framhaldsrannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Vala Garðarsdóttir, Ljósleiðir ehf. Leyfi veitt 22. júní 2009.

Búlandssel í Skaftártungu. Borkjarnasýni og könnunarskurðir til að kanna aldur minja, staðsetningu öskuhauga og varðveislu á lífrænum efnum. Ábyrgðaraðili Hildur Gestsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 23. júní 2009.

Glaumbær í Skagafirði. Rannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 26. júní 2009.

Rannsókn á fornþylum á fjórum jörðum í Skagafirði. Vegna ritunar byggðasögu Skagafjarðar. Rannsókn með kjarnabor og könnunarskurðum. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 30. júní 2009.

Hrisbrú og fleiri bæir í Mosfellsbæ. Framhaldsrannsókn á minjum frá víkingaöld í Mosfellsdal. Borkjarnasýni og skráning. Ábyrgðaraðili Jesse Byock, UCLA. Leyfi veitt 1. júlí 2009.

Strákatangi í Hveravík í landi Kleifa í Kaldrananeshreppi. Rannsókn á minjum eftir hvalveiðar Baska. Ábyrgðaraðili Ragnar Edvardsson, Náttúrustofa Vestfjarða. Leyfi veitt 3. júlí 2009.

Kirkjuverkefnið. Rannsóknarverkefni í Skagafirði. Könnunarskurðir í þrjá kirkjugarða, við bæina Gil, Garð og Mið-Grund. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 3. júlí 2009.

Rústir við hina fyrirhuguðu Hvammsvirkjun. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan. Leyfi veitt 15. júlí 2009.

Þjótandi í Villingaholtshreppi. Rannsókn á bæjarstæði vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan. Leyfi veitt 15. júlí 2009.

Rannsóknir í Haukadal í Dalasýslu, við Orustuhvamm og að Kirkjufelli. Ábyrgðaraðili Oddgeir Hansson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. júlí 2009.

Flatey á Breiðafirði, Miðbær. Rannsókn á öskuhaug, borkjarnar. Ábyrgðaraðili Albína Hulda Pálsdóttir. Leyfi veitt 15. júlí 2009.

Þorlákshúsi í Skálholti. Könnun vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 22. júlí 2009.

Narfastaðir í Þingeyjarsveit. Rannsókn á Hólkoti og Skiphól. Ábyrgðaraðili Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 27. júlí 2009.

Kolagrafir við Mývatn. Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Steinunn Kristjánsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands. Leyfi veitt 27. júlí 2009.

Hornbrekka á Höfðaströnd. Rannsókn á bæjartóft vegna doktorsverkefnis. Ábyrgðaraðili Karen Milek, University of Aberdeen. Leyfi veitt 27. júlí 2009.

Mariugerði í landi Meiðavalla, Kelduhverfi. Rannsókn vegna framkvæmda við Dettifossveg. Ábyrgðaraðili Lilja Björk Pálsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 27. júlí 2009.

Fornar minjar í Skagabyggð. Rannsókn á minjum á fjórum jörðum í Skagabyggð vegna heildarskráningar fornleifa í sveitarfélaginu. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 11. ágúst 2009.

Gilsbakki í Hvítársíðu. Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Kevin P. Smith, Haffenreffer Museum of Anthropology. Leyfi veitt 12. ágúst 2009.

Flatey á Breiðafirði, Miðbær. Rannsókn á öskuhaug. Ábyrgðaraðili Albína Hulda Pálsdóttir. Leyfi veitt 21. ágúst 2009.

Stekkur í landi Skáldalækjar í Svarfaðardal. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 21. ágúst 2009.

Tóft á Grænhóli í Garðabæ. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir. Leyfi veitt 21. ágúst 2009.

Skálholt í Bláskógabyggð. Kennsluuppgröftur við Háskóla Íslands. Ábyrgðaraðili Gavin Lucas, Háskóla Íslands. Leyfi veitt 27. ágúst 2009.

Gröf í Örafum. Prufuskurður í sofnhús. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan. Leyfi veitt 27. ágúst 2009.

Ruslahaugar í landi Gjögurs í Árneshreppi. Enduropun könnunarskurða frá 1990. Ábyrgðaraðili Garðar Guðmundsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 31. ágúst 2009.

Fornleifarannsókn á bæjarhólnum í Nesi við Seltjörn á Seltjarnarnesi. Framkvæmdaefartilrit. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur. Leyfi veitt 21. september 2009.





Á Þingeyrum

Víkingarminjar á heimsminjaskrá

Nú er undirbúningur hafinn að alþjóðlegri tilnefningu víkingaminja á Heimsminjaskrá UNESCO.

Snemma árs 2008 lýsti þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, yfir því á fundi í Kiel að Ísland myndi taka að sér að stjórna fjölþjóðlegu verkefni um raðtilnefningu víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO. Verkefnið, sem hefur vinnuheitid PHENOMENA AND MONUMENTS OF VIKING CULTURE, hófst formlega með fundi í Reykjavík 3.-4. júní 2009, þar sem drög að verkefnislýsingu voru kynnt og framkvæmdanefnd skipuð fulltrúum þeirra ríkja sem taka þátt í tilnefningunni. Í henni sitja af Íslands hálfu Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, Menntamálaráðuneyti og Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins. Fornleifavernd ríkisins var falið að gegna hlutverki sameiginlegrar skrifstofu fyrir verkefnið og var Sólveig Hulsdunk Georgsdóttir ráðin verkefnisstjóri frá 1. ágúst 2009 með aðsetur á Akureyri.



Unnið var að endanlegu vali á minjastöðum í samvinnu við framkvæmdanefndina og einnig að skilgreiningum á alþjóðlegu gildi minjanna. Á haustmánuðum var unnin undirbúningsvinna að sameiginlegri vefsíðu fyrir verkefnið, fundað með hugbúnaðarfyrirtækjum og leitað tilboða í vefhönnun. Verkefnisstjóri var í stöðugu sambandi við framkvæmdanefndina og fulltrúa í sérfræðingahóp verkefnisins og veitti þeim ýmsa þjónustu og bakgrunnsgögn. Undirbúningsvinna við umsóknir um norræna og evrópskra verkefnisstyrki er hafin með það fyrir augum að létta á þátttökulöndunum.


Framkvæmdanefnd verkefnisins fundaði í Reykjavík 5.-6. október og í Hróarskeldu 1.-2. desember. Á seinni fundinum kom sérfræðingahópur verkefnisins saman í fyrsta sinn, en hann er skipaður sérfræðingum tilnefndum af þátttökuríkjunum og einnig sitja í hópnum sérfræðingar frá nokkrum ríkjum sem áheyrnarfulltrúar.



Við Ingjalbsdys

Friðlýstar fornleifar

Starfsmenn Fornleifaverndar vinna nú að heildarúttekt á friðlýstum fornleifum. Farið er á hina friðlýstu minjastaði, þeir mældir nákvæmlega upp, varðveislugildi metið og komið með tillögur um aðgerðir. Áætlað er að þessari úttekt ljúki 2011.



Fyrsta skýrsla verkefnisins kom út á árinu og fjallar hún um úttekt á friðlýstum minjum í Dalvíkurbyggð.

Fyrstu niðurstöðu úttektar benda til þess að friðlýstu fornleifarnar hafi varðveist betur en áður var talið. Landeigendum hefur oftast verið umhugað um að raska ekki þessum minjum.

Merking friðlýstra minja er víða ábótavant og hafa starfsmenn, samhliða úttektinni, víða merkt minjastaði með friðlýsingamerki. Ljóst er þó að gera verður átak í merkingu minja þegar ákvörðun liggur fyrir hvað muni haldast

inni á friðlýsingarskrá og hvað muni falla út af henni.

Þegar heildarúttekt lýkur 2011, verður farið í að móta heildarstefnu um friðlýsingar, markmið þeirra, auk umsýslu og umhirðu slíkra staða, en samkvæmt gildandi þjóðminjalögum ber ríkinu að sjá um viðhald friðlýstra fornleifa. Fornleifavernd ríkisins vinnur einnig að því, í samvinnu við Loftmyndir ehf, að koma upp vefsíðu sem veitir upplýsingar til almennings um þessa staði. Upplýsingarnar verða settar inn um leið og úttekt lýkur.



Við Hraunsrétt í Aðaldal

Fjármál

Eftir mörg erfið ár var rekstur Fornleifaverndar ríkisins í jafnvægi árið 2009. Stofnunin tók þátt í evrópsku verkefni, eins og fram kemur í ársskýrslunni, og er hluti sértekna til kominn vegna þess. Bifreiðakostnaður hækkaði mjög á milli ára, eða um 1,7 millj. kr, og var ástæða þess m.a. gengisbreytingar og hækkun á olíukostnaði.

Áætlaður tekjuafgangur ársins er 1,922,964, en rauntala mun koma í ljós þegar ríkisreikningurinn hefur verið gerður upp.

Rekstrarreikningur árið 2009

	2009
Tekjur	
Sértekjur	10.891.101
	<hr/>
	10.891.101
Gjöld	
Laun og launatengd gjöld	68.550.062
Funda- og ferðakostnaður	4.932.056
Rekstrarvörur	1.989.627
Þjónusta	8.022.194
Húsnæðiskotnaður	4.333.968
Bifreiðar og vélar	10.341.930
Vextir, bætur, skattar og tilfærslur	3.649.647
	<hr/>
Eignakaup	1.048.653
	<hr/>
	102.868.137
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(91.977.036)
	<hr/>
Ríkisframlag	93.900.000
	<hr/>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<hr/>
	1.922.964



Á Siglunesi

Önnur starfsemi

Björgunarrannsóknir

Þór Hjaltalín og Sólborg Una Pálsdóttir rannsókuðu óvæntan beinafund að Hofi í Vatnsdal sem kom í ljós vegna framkvæmda.

Í júlí rannsókuðu Þór Hjaltalín, Sigurður Bergsteinsson og Sólborg Una Pálsdóttir á Siglunesi við Siglufjörð en þar eru margar fornar minjar að brotna út í sjó.

Inga Sóley Kristjónudóttir skoðaði og skráði óvæntan fornleifafund á Hofnesi í Öræfum. Við jarðvegstöku við gamalt fjós kom ábúandi niður á þakhellur sem lágu í gjösku frá 1362.

Inga Sóley Kristjónudóttir og Magnús A. Sigurðsson rannsókuðu skipsflak sem kom í ljós í fjörunni við Vestdalseyri á Seyðisfirði.

Agnes Stefánsdóttir, Ragnar Edvaldsson, Sólborg Una Pálsdóttir og Uggi Ævarsson fóru í Þjórsárdalinn til að mæla upp friðlýstar fornleifar en einnig til að kanna þar minjar sem eru í mikilli hættu vegna uppblásturs og ágangs vatns.

Útgáfa

Agnes Stefánsdóttir: Kaflaskrif í *Kulturarv og natur som resurs för hållbar utveckling och tillväxt. En nordisk översikt*. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn, 2009 (TemaNord 2009:513).

Gunnar Bollason: "Milli Inn- og Útnesja, hugleiðingar að lokinni skráningu eldri minningarmarka í Kjalarnesprófastsdæmi", *Bautasteinn* 1. tbl., 14. árg. (Rv., 2009), 4-10.

Gunnar Bollason: "Ágrip af sögu minningarmarka og steinsmiði á Íslandi frá öndverðu fram á 20. öld.", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2008-2009* (Rv., 2010).

Kristinn Magnússon: *Hjálmstaðir. Rannsóknarskýrsla*. Fornleifavernd ríkisins, 2009.

Kristín Huld Sigurðardóttir (ritstj.). *Tillaga vinnuhóps mennta- og menningarmálaráðherra að stefnu um framhald rannsókna, varðveislu og sýningu á*

Alþingisreit og nágrenni. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2009.

Kristín Huld Sigurðardóttir, Sólborg Una Pálsdóttir: "Listing of archaeological sites—the Icelandic case", *Listing Archaeological Sites, Protecting the Historical Landscape*. Edited by Peter A.C. Schut, EAC, Brussels, 2009.

Sigurður Bergsteinsson, Sólborg Una Pálsdóttir: *Friðlýstar fornleifar í Dalvíkurbyggð. Úttekt*. Fornleifavernd ríkisins, 2009.

Þór Hjaltalín: "The Historic Landscape of the Saga of the People of Vatnsdalur: Exploring the Saga Writer's Use of the Landscape and Archaeological Remains to Serve Political Interests". *Medieval Archaeology. Journal of the Society for Medieval Archaeology*, vol 53 (2009). Maney Publishing. England 2009.

Þór Hjaltalín: Kaflaskrif í *Accessibility to Cultural Heritage. Nordic Perspectives*. Norræna ráðherranefndin, 2009. (TemaNord 2009-572).

Fyrirlestrar og kennsla

Agnes Stefánsdóttir: Fornleifar og framkvæmdir. Námskeið á vegum Mímis fyrir lagnamenn, febrúar 2009.

Gunnar Bollason: *Borgfirskir legsteinar*. Erindi flutt þann 24. september 2009 á ráðstefnu um ritröðina Kirkjur Íslands sem haldin var í Þjóðminjasafni Íslands.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Áhrif uppblásturs á fornleifar. Fyrirlestur haldinn á samnorrænum fundi um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á fornleifar, Reykjavík, 14-15. september 2009.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Heiðarbýlin á Háreksstöðum. Fyrirlestur haldinn á vettvangi í tilefni Menningarminjadagsins, 6. september 2009.

Magnús A. Sigurðsson: Öndverðarnes. Fyrirlestur haldinn á vettvangi í tilefni Menningarminjadagsins, 6. september 2009.

Kristín Huld Sigurðardóttir hélt fyrirlestur um járn og járnvinnslu fyrir félag íslenskra fornleifafræðinga og fornleifafræðingafélag

Íslands á kynningarkvöldi í febrúar.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Fyrirlestur um fornleifar og stjórnsýslu fyrir nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands í september.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Fyrirlestur um stjórnsýslu fornleifamála fyrir nemendur í ferðamálafræðum við Hólaskóla í nóvember.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Umsjón námskeiðs um fornleifavernd fyrir nemendur í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Vorönn 2009.



Kristín Huld Sigurðardóttir, Agnes Stefánsdóttir, Gunnar Bollason, Ragnar Edvardsson, Þór Hjaltalín og Sólborg Una Pálsdóttir: Fornleifavernd. Námskeið í fornleifafræði við HÍ, vorönn 2009.

Sigurður Bergsteinsson: Íslenski torfbærinn—uppruni og þróun. Fyrirlestur haldinn í Laufási í tilefni Menningarminjadagsins, 6. september 2009.

Sigurður Bergsteinsson: Landnám og aldursgreining. Erindi haldið fyrir Rótarýklúbb Akureyrar, Akureyri, 2009.

Sólborg Una Pálsdóttir: Skráning fornleifa. Fyrirlestur haldinn fyrir nemendur í námskeiðinu Landslagsfræði—landslagsgreining, við Umhverfisdeildina á Hvanneyri, 29. janúar 2009.

Uggi Ævarsson: Starf minjavarðar. Erindi haldið á 60 ára afmæli Byggðasafnsins á Skógum, 2009.

Þór Hjaltalín: Kirkjugarðar og minjavernd. Erindi hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur haldið í Litlu-Brekku 20. apríl 2009.

Þór Hjaltalín: Landslag og minjar í Íslendingasögum. Þekkingarþing á Norðurlandi vestra, Skagaströnd, 19. maí 2009.

Þór Hjaltalín: Kynning á PhD. rannsókn. Seminar á Hólum í Hjaltadal 23. júní 2009.

Þór Hjaltalín: Sturlungaslóð. Erindi og leiðsögn fyrir breska blaðamenn í Skagafirði 28. ágúst 2009.

Þór Hjaltalín: Sturlungu- og Vatnsdæluslóð. Erindi og leiðsögn fyrir norræna blaðamenn. Vatnsdalur og Skagafjörður, 3. september 2009.

Þór Hjaltalín: Fornbýli í Vatnsdal og Þingi. Fyrirlestur haldinn í Þjónustuhúsi á Þingeyrum í tilefni Menningarminjadagsins, 6. september 2009.

Þór Hjaltalín: Húsvernd og hlutverk safna. Farskóli safnamanna á Hvolsvelli, 17.-18. september 2009.

Þór Hjaltalín: Minjavarsla og skógrækt. Fyrirlestrar og leiðsögn um minjastaði í Skagafirði á námskeiði Skógræktarbænda 31. október 2009.

Almannatengsl, kynning, leiðsögn

Kristín Huld Sigurðardóttir, Agnes Stefánsdóttir, Gunnar Bollason og Kristinn Magnússon tóku á móti þátttakendum á 16. Vikingafundi í Húshólma í ágúst og sýndu staðinn.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður hennar og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu skoðuðu fornleifarannsóknirnar á Alþingisreit í ágúst. Leiðsögumaður var Vala Garðarsdóttur, en auk þess tóku Agnes Stefánsdóttur og Kristín Huld Sigurðardóttir á móti ráðherra.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Auður B. Árnadóttir fjármálafulltrúi og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sóttu Fornleifavernd ríkisins heim í nóvember og kynntu sér starfsemi stofnunarinnar.

Á vormánuðum leiðsagði Gunnar Bollason verkefnisstjóri starfsfólki stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um Hólavallagarð en nokkuð hefur verið um það á undanförunum misserum að þess hafi verið farið á leit við Fornleifavernd þótt ekki hafi verið farnar skipulagðar ferðir.

Þór Hjaltalín: Leiðsögn um Sturlungaslóð. Skagafjörður 8. ágúst 2009.

Þór Hjaltalín leiddi í Jónsmessugöngu fyrir almenning sumarið 2009. Um var að ræða ferð með leiðsögn að friðlýstum minjum við Faxabrandsstaði í Vatnsdal.

Félagsstarf:

Erlent:

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í stjórn EAC (European Archaeological Council) samtök Evrópskra stofnana sem stýra stjórnarsýslu fornleifamála í sínum heimalöndum.

Innlent:

Agnes Stefánsdóttir situr í stjórn Félags íslenskra fornleifafræðinga.

Agnes Stefánsdóttir er varamaður í stjórn Íslenska vitafélagsins.

Kristín Huld Sigurðardóttir er varamaður í stjórn Hins íslenska fornleifafélags.

Þór Hjaltalín er varamaður í stjórn Hins íslenska fornleifafélags.

Þór Hjaltalín er ritari í stjórn íslensku ICOMOS nefndarinnar.

Þór Hjaltalín er í stjórn Landnáms Ingimundar gamla sem vinnur að verkefninu Á slóð Vatnsdælasögu.

Þór Hjaltalín er í stjórn verkefnisins "Vatnsdæla á refli" í samvinnu við Textílsetur Íslands, Listaháskóla Íslands o.fl. aðila.

Þór Hjaltalín er fulltrúi í siðanefnd Félags íslenskra fornleifafræðinga.

Samstarfsverkefni:

Innlend verkefni:

Fornleifavernd ríkisins styrkti verkefni Sigurðar Sigurðssonar um skráningu staða þar sem dýr með miltisbrand hafa verið grafin, um 100 þúsund krónur

Fornleifavernd ríkisins/Þór Hjaltalín hefur verið í samstarfi við dr. Jónas Kristjánsson vegna rannsókna á fornum byggðum á Nýfundnalandi.

Kristinn Magnússon tók þátt í verkefni um endurreisn brúar yfir Bláskeggsá í Hvalfirði. Verkefnið er unnið í samvinnu Fornleifaverndar ríkisins, Hvalfjarðarsveitar og Vegagerðarinnar. Lokið var við endurgerð brúarinnar en eftir er að setja upp skilti á staðnum.

Sigurður Bergsteinsson situr fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins í samstarfshópi um uppbyggingu á aðstöðu og tilgátusvæði í grennd við minjar gamla Gásakaupstaðar.



Sigurður Bergsteinsson tekur þátt í samstarfsverkefni á vegum Fornleifaverndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Biskupastofu um merkingu og aðgengi að Biskupavörðum á Möðrudalsöræfum.

Þór Hjaltalín hefur undanfarin ár unnið að verkefninu **Á söguslóð Vatnsdælasögu** í samvinnu við ferðaþjónustuaðila í Húnaþingi. Eitt meginmarkmið verkefnisins er að bæta aðgengi og veita upplýsingar um merka minjastaði í héraðinu. Sett voru upp tvö upplýsingaskilti við friðlýsta minjastaði, gefið út sögukort fyrir Vatnsdal og Þing og opnuð heimasíða á árinu.

Þór Hjaltalín vinnur að verkefninu **Sturlungaslóð** með ferðaþjónustuaðilum o.fl. stofnunum í Skagafirði. Eitt megin markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og veita upplýsingar um merka minjastaði í héraðinu.

Þór Hjaltalín hefur unnið að verkefni **Jón Espólín - skagfirski sagnameistarinn** í samvinnu við Hólabiskup og prófastinn í Skagafirði. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á sagnaritaranum Jóni Espólín (1769-1836) og tryggja varðveislu á legsteini hans í Flugumýrarkirkjugarði. Vorið 2009 fékkst 100 þús. króna styrkur frá Menningarsjóði Norðurlands vestra til útgáfu á bæklingi um Jón.

Þór Hjaltalín hefur unnið að verkefni **Hjallur á Reykjum** í samvinnu við ferðaþjónustuaðila í Skagafirði og felst það í að gera við fornan hjall á Reykjum á Reykjaströnd. Styrkur hefur fengist frá Húsafriðunarnefnd til verkefnisins.

Þór Hjaltalín hefur unnið að verkefni **Hlíðskjálfi á Arnarvatnsheiði** í samvinnu við bændur í V-Húnavatnssýslu og snýst það um að gera upp sæluhúsið Hlíðskjálfi á Arnarvatnsheiði.

Erlent samstarf:

Agnes Stefánsdóttir: er þátttakandi í Evrópuverkefni Heritage Net (ERANET) og European Heritage Network (HEREIN).

Agnes Stefánsdóttir situr í samnorrænum vinnuhópi; Natur- och kulturvärden som regional och lokal utvecklings- och tillväxtfaktor sem styrktur er af Norrænu ráðherranefndinni.

Inga Sóley Kristjónudóttir tekur þátt í norrænum samstarfshópi um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á fornleifar. Samstarfsverkefnið er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Kristín Huld Sigurðardóttir sækir árlega fundi Þjóðminjavarða Norðurlanda ásamt Agnesi Stefánsdóttur, sem er í undirbúningsnefnd fundanna. Árið 2009 var það sænski þjóðminjavörðurinn sem bauð til fundar í Stokkhólmi og Gotlandi í júní.

Kristín Huld Sigurðardóttir sækir fundi forstöðumanna evrópskra stjórnsýslustofnana minjaverndar, EHHF, (European Heritage Heads Forum), sem haldnir voru í maí í Vín og Bratislava.

Kristín Huld Sigurðardóttir tók á móti stjórn EAC í janúar, sem hélt þá stjórnarfund í Reykjavík.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti fund EAC í Oudenarde í Belgíu í október. Þór Hjaltalín sat í norrænum samstarfshóp um

aðgengi að menningarminjum en á árinu var unnin og gefin út skýrsla um niðurstöður hópsins.

Stjórnar-, nefndarsetur og vinnuhópar:

Menntamálaráðherra skipaði Kristínu Huld Sigurðardóttur formann í vinnuhóp mennta- og menningarmálaráðherra sem fjallaði um stefnu um framhald rannsókna, varðveislu og sýningu á fornleifum á Alþingisreit og nágrenni. Í hópnun sátu einnig: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður, Hjörleifur Stefánsson arkitekt, Karl Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Óskar Valdimarsson forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu og Sigurður Einarsson arkitekt. Hópurinn hóf störf í september og sendi frá sér skýrslu í upphafi nóvember.

Kristinn Magnússon á sæti í nefnd á vegum Seltjarnarnesbæjar sem fjallar um frágang umhverfis Nesstofu á Seltjarnarnesi. Auk fulltrúa Seltjarnarnesbæjar og Fornleifaverndar ríkisins sitja fulltrúar Þjóðminjasafns Íslands, Lyfjarfæðisafnsins og Lækningaminjasafns Íslands í nefndinni. Þá eiga arkitektar nýs safnhúss í Nesi einnig sæti í nefndinni.

Kristín Huld Sigurðardóttir er einn fulltrúa menntamálaráðuneytis í Heimsminjanefnd Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir er fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins í stjórn Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Kristín Huld Sigurðardóttir er fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins í Kirkjugarðaráði.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr ásamt Agnesi Stefánsdóttur og Ragnheiði H. Þórarinsdóttur sérfræðingi hjá menntamálaráðuneytinu í stjórn Íslandsdeildar evrópska verkefnisins Heritage Net.

Kristín Huld Sigurðardóttir er fulltrúi menntamálaráðuneytisins í verkefnastjórn Rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar.

Magnús A. Sigurðsson, minjavörður Vesturlands, situr fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins í Breiðafjarðarnefnd. Varamaður hans er Agnes Stefánsdóttir.

Sólborg Una Pálsdóttir sat í faghópi um náttúru og menningarmínjar vegna

rammaáætlunar um virkjunarkosti á Íslandi.

Agnes Stefánsdóttir situr í norrænum vinnuhóp sem undirbýr sameiginlega fundi þjóðminjavörslunnar á Norðurlöndum.

Námskeið/ráðstefnur:

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti ráðstefnu menntamálaráðuneytisins í maí í Stykkishólmi um menningarlandið.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti stefnumörkunarfund vegna Vatnajökulsþjóðgarðs sem þjóðgarðsnefndin stóð fyrir.

Magnús A. Sigurðsson sótti tveggja daga landsráðstefnu í Stykkishólmi um Staðardagskrá 21.

Magnús A. Sigurðsson sat ráðstefnu um menningarsamninga ríkis og sveitarfélaga sem haldin var í Stykkishólmi.

Ragnar Edvardsson, Sólborg Una Pálsdóttir og Magnús A. Sigurðsson sátu 2ja daga fund sérfræðinga um menningarminjar. Fundurinn var haldinn á vegum Breiðafjarðarnefndar og stýrði Magnús fundinum.

Starfsfólk Fornleifaverndar ríkisins tók í júlí þátt í námskeiði um hópefli sem HRM-rannsóknir og ráðgjöf stýrði.

Starfsfólk Fornleifaverndar ríkisins tók þátt í námskeiði í nóvembermánuði varðandi uppbyggingu stofnunarinnar sem Capacent stýrði.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti námskeið í gerð lagafrumvarpa og reglugerða hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti ráðstefnu um kynjaða fjárlagagerð sem fjármálaráðuneytið og Jafnréttisstofa stóðu fyrir.

Sólveig Hulsdunk Georgsdóttir og Sólborg Una Pálsdóttir sóttu ráðstefnu í Reykholti 4. september um þingstaði undir heitinu ÞING-THING sites—A shared hidden heritage.

Nokkrir starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins sátu 16. alþjóðlegu Víkingaráðstefnuna sem var haldin í Reykjavík og Reykholti 17.-23. ágúst.

Starfsmenn ráðinir á árinu 2009.

Leyfi fékkst til að ráða minjavörð Suðurlands og var Uggi Ævarsson MA í fornleifafræði ráðinn í starfið í maí.

Menntamálaráðuneytið fól Fornleifavernd ríkisins að stýra raðtilnefningu um að fá minjar frá víkingaöld frá ýmsum löndum Evrópu og Ameríku inn á heimsminjaskrá UNESCO. Sólveig Hulsdunk Georgsdóttir var ráðin verkefnisstjóri.

Sigrún Antonsdóttir nemi í fornleifafræði var ráðinn tímabundið sem aðstoðarmaður í Vínlandsverkefni.

Umsagnir um lagafrumvörp:

Náttúruverndaráætlun. Alþingi óskaði eftir umsókn Fornleifaverndar ríkisins vegna frumvarpsins.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn vegna frumvarps um virkjunarkosti.

Upplýsingaskilti:

Fornleifavernd ríkisins tók á árinu þátt í gerð sögu- og minjaskilta sem sett voru upp í Skorradal á vegum sveitarfélagsins og Huldu Guðmundsdóttur á Fitjum. Sett voru upp skilti við baðlaug Guðmundar að Háafelli, brunn Bjarna í Vatnsholti og bænahús Brynjólfs biskups.

Í tengslum við verkefnið *Á slóð Vatnsdælasögu* voru sett upp tvö upplýsingaskilti við friðlýstar minjar í Vatnsdal, á Faxabrandsstöðum og á Nautabúi.

Óskir um friðlýsingar:

Kristín Huld Sigurðardóttir og Sigurður Bergsteinsson fóru með hópi áhugamanna um friðlýsingu beinakerlingar á Sprengisandsleið hinni fornu og skoðuðu vörðuna í september. Unnið er að friðlýsingu minjanna.

Arnar Egilsson, lögreglurmaður og kafari hefur verið í samvinnu við Magnús A. Sigurðsson minjavörð um rannsóknir og friðlýsingu póstskeipsins Phönix sem fórst undan Snæfellsnesi árið 1881. Unnið er að málinu.



Skipsflak við Seyðisfjörð

Starfsstöðvar og starfsfólk



Forstöðumaður

Kristín Huld Sigurðardóttir

Suðurgata 39, Reykjavík

Sími: 5556630, fax: 5556631

Netfang: kristinhuld@fornleifavernd.is

Deildarstjóri umhverfismats

Kristinn Magnússon

Suðurgata 39, Reykjavík

Sími: 5556634, fax: 5556631

Netfang: kristinn@fornleifavernd.is

Deildarstjóri skipulagsmála

Agnes Stefánsdóttir

Suðurgata 39, Reykjavík

Sími: 5556633, fax: 5556631

Netfang: agnes@fornleifavernd.is

Verkefnisstjóri minningarmarkaskráningar

Gunnar Bollason

Suðurgata 39, Reykjavík

Sími: 5556632, fax: 5556631

Netfang: gunnar@fornleifavernd.is

Minjavörður Vestfjarða

Ragnar Edvardsson

Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík

Sími: 8937636

Netfang: ragnar@fornleifavernd.is

Minjavörður Vesturlands

Magnús A. Sigurðsson

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi

Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705

Netfang: magnus@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands vestra

Þór Hjaltalín

Aðalgötu 23, 550 Sauðárkróki

Sími: 453 6203/845 8510, fax: 453 7998

Netfang: thor@fornleifavernd.is

Deildarstjóri skráningarmála

Sólborg Una Pálsdóttir

Aðalgötu 2,3 550 Sauðárkróki

Sími: 453 6203/862 4353, fax: 453 7998

Netfang: solborg@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands eystra

Sigurður Bergsteinsson

Þórunnarstræti 99, 600 Akureyri

Sími: 462 1089/865 9942

Netfang: sigurdur@fornleifavernd.is

Verkefnastjóri Phenomena and Monuments of Viking Culture

Sólveig Hulsdunk Georgsdóttir

Þórunnarstræti 99, 600 Akureyri

Sími: 462 1089/863 8040

Minjavörður Austurlands

Inga Sóley Kristjónudóttir

Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir

Sími: 471 1451/864 1451, fax: 471 1452

Netfang: ingasoley@fornleifavernd.is

Minjavörður Suðurlands

Uggi Evarsson

Skógum, 861 Skógum

Sími: 821 4338/8988852

Netfang: uggi@fornleifavernd.is



Fjánhús á Siglunesi
